



Fjölbrautaskóli Suðurlands

ERGÓ A

FÉLA1SA05

Kennsluáætlun – haustönn 2019

Kennarar áfangans:

Hópur 1: Sigursveinn Már Sigurðsson (SMS) og Ægir Sigurðsson (ÆS)

Hópur 2: Ingunn Helgadóttir (IH) og Tómas Davíð Ibsen Tómasson (TDT)

Hópur 3: Guðríður Egilsdóttir (GE) og Gunnar Rafn Borgþórsson (GRB)

Hópur 4: Ragnheiður Eiríksdóttir (RE) og Stefán Hannesson (SHA)

Hópur 5: Ragnheiður Eiríksdóttir (RE) og Guðmundur Björgvin Gylfason (GBG)

Áfangalýsing:

Orðið *ergó* er latína og þýðir þess vegna eða þar af leiðir en áfanginn hefur það megin markmið að þjálfar nemendur í gagnrýnni hugsun. Þá er mikilvægt að samhengi sé í hugsuninni, að eitt leiði af öðru með rökum en skoðanir ekki bara gripnar úr lausu lofti. Að vera gagnrýnninn, upplýstur borgari, geta greint fordóma, staðalímyndir og kunna skil á mannréttindum eru einnig mikilsverð markmið áfangans.

Í áfanganum læra nemendur vinnubrögð sem mikilvæg eru í framaldsskólanámi, bæði í einstaklingsverkefnum og í hópum. Lögð er áhersla á að kynning verkefna verði með fjölbreyttum hætti og að nemendur fái leiðsögn og æfingu í að kynna verkefni sín.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi gagnrýnnar hugsunar
- hvernig flokkanir, staðalímyndir og fordómar tengjast
- helstu réttindum og skyldum meðborgara er lúta að lýðræði og jafnrétti
- helstu réttindum og skyldum á vinnumarkaði
- áhrifum fjölmiðla/samfélagsmiðla á sjálfsmynd
- upplýsingaöflun og úrvinnslu

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- flytja mál sitt á skýran og áhugaverðan hátt
 - skipuleggja og taka þátt í verkefnavinnu
 - draga saman aðalatriði og gera grein fyrir þeim
 - afla upplýsinga úr heimildum, meta þær og nýta á viðurkenndan hátt
 - færa rök fyrir skoðunum sínum og afstöðu
 - taka rökstudda afstöðu til álitamála í samfélaginu
 - setja sig í spor annarra
-

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- tjá skoðanir og afstöðu til álitamála með rökum og virðingu fyrir andstæðum sjónarmiðum
 - velja sér viðfangsefni við hæfi og gera grein fyrir þeim
 - kynna sér viðfangsefni til hlítar
 - setja sér markmið með hliðsjón af eigin áhuga og hæfni
 - leggja sitt af mörkum í samskiptum og samvinnu
-

Kennslubækur og kennslugögn

- Engin eiginleg kennslubók er í áfanganum en bókin *Hugskot* eftir Friðbjörgu Ingimarsdóttur og Gunnar Hersvein er notuð sem handbók kennara og nemendur munu fá valda texta úr bókinni til að lesa.



ERGÓ 1 - VINNUÁÆTLUN

Vika	Dags.	Efni
1	19. - 22. ágúst	Kynning á áfanga. Hópefli. Byrjun
2	25. – 29. ágúst	Hvað er gagnrýnin hugsun og að vera gagnrýnn, ábyrgur borgari?
3	2. – 6. sept.	Flokkanir Vinnubrögð: Hópavinna.
4	9. – 13. sept.	Staðalímyndir Vinnubrögð: Plakat. Verkefnavinna: Plakat um staðalímyndir
5	16. – 20. sept.	Fordómar Vinnubrögð: Myndband.
	23. – 27. sept.	Verkefnavinna: Myndband um fordóma
7	30. sept – 4. okt.	Jafnrétti Réttindi og skyldur á vinnumarkaði Vinnubrögð: PowerPoint og sambærileg forrit.
8	7. – 11. okt. Miðannarmat	Í þessari viku taka kennarar viðtöl við nemendur til að heyra í þeim hljóðið varðandi áfangann og hvernig þeim gengur.
9	14. – 18. okt. Verkefnadagar 17.-18. okt.	Verkefnavinna: Nemendur flytja kynningu um jafnrétti
10	21. – 25. okt.	Friðarmenning Fjármálalæsi Vinnubrögð: Tala út frá punktum og vitna í heimildir.
11	28. okt. – 1. nóv.	Borgaravitund Kynning á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun
12	4. – 8. nóv. Baráttudagur gegn einelti 8. nóv.	Verkefnavinna: Um mannréttindi og borgaravitund
13	11. – 15. nóv.	Lokaverkefni um mannréttindi.
14	18. – 22. nóv.	Kynningar á lokaverkefni.
15	25. – 29. nóv.	Viðtöl
16	2. – 6. des. Síðasti kennsludagur 6. des.	Uppsóp.
17	9. – 13. des.	Námsmat.

Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn er símatsáfangi sem þýðir að ekki er lokapróf en einkunn er gefin út frá verkefnum ofl. (sjá námsmat). Skila verður verkefnum úr öllum umfjöllunarefnum áfangans til að teljast hafa lokið áfanganum.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um verkefnaskil. Ef hann missir af hópaverkefni verður hann að skila því sem einstaklingsverkefni í samráði við kennara.
- Allir nemendur eru skráðir í Innu og þar munu verkefni og mikilvægar upplýsingar birtast og því þurfa nemendur að hafa reglulegan aðgang að tölvu. Flestum verkefnum þarf að skila á Innu.
- Símanotkun **tengd náminu** er leyfileg í samráði við kennara. Ef nemandi er í símanum án samráðs við kennara má kennari gefa viðkomandi F fyrir kennslustundina.

Námsmat:

- 20% Þátttaka og virkni í tímum
- 60% Verkefni
- 20% Hugleiðingabók

Gert með fyrirvara um breytingar, FSu., ágúst 2019

Ergókennarar